DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr. 2844 Síðan 1968 59. árgangur
Fimmtudagur 19. mars 2026
Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Gagnheiði 17 · 800 Selfoss

# Kvenfélag Hveragerðis fagnar 75 ára afmæli sínu



*Meðlimir í Kvenfélagi Hveragerðis í Hveragerðiskirkju. Mynd: Aðsend.*

Þann 11. mars síðastliðinn fagnaði Kvenfélag Hveragerðis 75 ára afmæli sínu með ljúfri stund í safnaðarheimili Hveragerðiskirkju en þar eru fundir félagsins haldnir annan miðvikudag í mánuði á starfstímabilinu október til maí. Kvenfélagið var stofnað 11. mars 1951. Frá upphafi hefur markmið félagsins verið að efla samstöðu kvenna og leggja sitt af mörkum til uppbyggingar samfélagsins í Hveragerði ásamt því að styðja sérstaklega við barna- og unglingastarf. Félagið hefur, eins og svo mörg kvenfélög á Íslandi, styrkt og verið með í að efla líknar- og hjálparstarf bæði í heimabænum og í sameiginlegum verkefnum með SSK sem eru samtök kvenfélaga á Suðurlandi. Undanfarin ár hefur fjölgað þeim konum sem kjósa að koma saman og hafa gaman og eru félagarnir nú á fimmta tug. Í gegnum árin hefur Kvenfélag Hveragerðis stutt fjölmörg verkefni í bænum. Til dæmis hefur félagið veitt styrki eða gjafir til: Leikskóla í bænum, heilsugæslunnar í Hveragerði, félags eldri borgara, björgunarsveitar, góðgerðarsjóða og annarra samfélagsverkefna. Starfið snýst ekki aðeins um styrktarverkefni heldur einnig um reglulega félagsfundi, fræðsluerindi, samveru og tengslamyndun.

Kvenfélagið hefur í gegnum áratugina verið vettvangur vináttu og samstöðu.

# Frumframleiðendur og ferðaþjónustan hittust á Flúðum

Frumframleiðendur og aðilar í ferðaþjónustu komu saman á Flúðum þriðjudaginn 10. mars á stefnumóti sem Slow Food samtökin á Íslandi og sveitarfélögin í Uppsveitum Árnessýslu stóðu fyrir, með stuðningi Uppbyggingarsjóðs Suðurlands. Markmið viðburðarins var að efla tengsl milli framleiðenda og kaupenda, stytta leiðina frá býli á borð og auka aðgengi að staðbundnum matvælum á veitingastöðum, hótelum og mötuneytum í héraðinu.

Viðburðurinn fór fram í Félagsheimili Hrunamanna þar sem 18 framleiðendur kynntu vörur sínar fyrir um 100 gestum. Dagskráin hófst á framsöguerindum þar sem fjallað var um nýtingu hráefna, aukið samstarf í virðiskeðjunni og nýjar leiðir í dreifingu matvæla.

Knútur Rafn Ármann frá Friðheimum ræddi meðal annars um matarminjagripi og hvernig megi nýta hráefni betur til að skapa vörur sem ferðamenn geta tekið með sér heim. Óli Finnsson í Heiðmörk lagði áherslu á mikilvægi fullnýtingar afurða og nefndi dæmi um vörur sem byggja á slíku samstarfi. Þá kynnti Tjörvi Bjarnason viðskiptamódel Matlands og hvernig sjálfsafgreiðslustöðvar geti einfaldað dreifingu ferskra afurða.

Dóra Svavarsdóttir hjá Slow Food á Íslandi sagði að það skipti miklu máli fyrir veitingastaði og ferðaþjónustu að geta með stolti sagt frá uppruna hráefnis og sögunni á bak við matinn. Rakel Theodórsdóttir, byggðaþróunarfulltrúi Uppsveitanna, benti á aukin áhersla á sjálfbærni og fæðuöryggi geri slíkt samstarf sífellt mikilvægara.

Vonir standa til að sambærilegir viðburðir verði haldnir reglulega víðar um land, enda felist í þeim mikil tækifæri til að efla samvinnu og styrkja stöðu íslensks hráefnis í ferðaþjónustu.



*Eldpipar, sætar paprikur og kryddjurtir frá Heiðmörk.*



*Súkkulaði frá Mika.*



*Tómatar, jarðarber og vinnsluafurðir frá Friðheimum.*



*Hreppamjólk.*












## ÚTBOÐ

**Rangárþing eystra óskar eftir tilboðum í :**

**„Skógar 2026 - Rútustæði“**

Verkið felur í sér gerð á bílastæðum með malbiki og hellulögnum.

**Helstu magntölur eru:**

Malbik . . . . . . . . . . . . . . . . . 5340m²
Hellur . . . . . . . . . . . . . . . . . . 200m²
Þökulögn . . . . . . . . . . . . . . . 3500m²
Styrktarlag . . . . . . . . . . . . . . 5356m³
Gröftur . . . . . . . . . . . . . . . . . . 600m³
Ræsi . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 18m

Verkinu skal að fullu lokið 15. ágúst 2026.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með föstudeginum 13. mars 2026. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Ólafur Rúnarsson Rangárþingi eysta með tölvupósti í netfangið olirunars@hvolsvollur.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.
Tilboðum skal skila á skrifstofu Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur fyrir kl. 13.00 þriðjudaginn 7. apríl 2026 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**Ólafur Rúnarsson**
**Fh. Rangárþings eystra**



*Hanna Tara Björnsdóttir, Sunnlenskur nemandi við Söngskóla Reykjavíkur. Mynd: Aðsend.*



*F.v. Sigurpáll Jónar Sigurðarson, Þrándur Ingvarsson og Sigurður Matthías Sigurðarson, allir Sunnlenskir nemendur við Söngskólann í Reykjavík. Mynd: Aðsend.*

# Fjórir Sunnlendingar taka þátt í Öskubusku

Fjórir Sunnlendingar stíga á svið í Tjarnarbíói næstu helgi en nemendur söngleikjadeildar Söngskólans í Reykjavík hafa unnið hörðum höndum að frumsýningu söngleiksins Öskubusku sem Sunnlendingurinn Eyvindur Erlendsson þýddi.

Sunnlendingar hópsins eru þau Hanna Tara Björnsdóttir frá Grásteini í Ölfusi, Sigurpáll Jónar Sigurðarson frá Hvolsvelli, Þrándur Ingvarsson frá Þrándarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Sigurður Matthías Sigurðarson úr Holtunum í Rangárþingi ytra. Öll eiga þau það sameiginlegt að vera á söngleikjadeild Söngskólans í Reykjavík, þar sem söngur, leiklist og sviðsframkoma fléttast saman í krefjandi en skemmtilegu námi.

Áhugi þeirra á tónlist og sviðslistum kviknaði snemma á ungum aldri hjá þeim öllum og löngunin til að syngja og leika á sviði hefur fylgt þeim lengi. Þau segja öll söngnámið afar gefandi og skemmtilegt en sömuleiðis krefjandi á tímum. „Við erum á fullu að setja upp sýninguna okkar, svo eru próf og tónleikar. Það er enginn tími í neitt annað,“ segir Hanna.

Aðspurð hvað sé skemmtilegast við að standa á sviði nefna þau tengslin við áhorfendur, persónusköpunina og augnablikið þegar allt smellur saman. „Mér finnst alltaf skemmtilegast að fá hlátur úr sal því þá er maður yfirleitt að gera eitthvað rétt,“ segir Þrándur.

Í Öskubusku fá þau svo að spreyta sig á fjölbreyttum hlutverkum. Hanna leikur sjálfa Öskubusku, Sigurpáll er prinsinn, Þrándur bregður sér í hlutverk kóngsins og Sigurður leikur bæði Lærisvein dísarinnar og Skógarvörð. Æfingar hófust fljótlega eftir áramót, í janúar, og síðan þá hefur hópurinn unnið þétt saman að því að skapa sína eigin útgáfu af þessari sígildu sögu. „Þessi uppfærsla á eftir að koma ykkur á óvart. Öll vinnan sem allir eru að leggja í hana er stórkostleg. Þórunn Lárusdóttir leikstjóri er alveg að brillera!“

Æfingarnar hafa verið krefjandi, ekki síst vegna þess hversu mikið efni þarf að læra á stuttum tíma, en um leið hefur reynst ótrúlega skemmtilegt að prófa sig áfram, finna húmorinn í sögunni og sjá hvað virkar best á sviðinu. Þau segja að það sé mikið fjör og spennandi að upplifa augnablikin þegar frumsýning nálgast og allt smellir saman.

Að þeirra sögn verður uppfærslan litrík, fyndin og full af söng, húmor og ævintýrablæ. Hægt er að sækja miða á tix.is og þau hvetja Sunnlendinga eindregið til að leggja leið sína í Tjarnarbíó og njóta sýningarinnar. „Nælið ykkur hiklaust í miða á tix. Sérstaklega ef þið viljið ná barninu ykkar út úr ipadinum og gefa því almennilega afþreyingu.”

*SEG*

## *Líf og fjör á Suðurlandi:*

# Barnamenningardagar haldnir 22.–26. apríl 2026

Íkringum sumardaginn fyrsta verður mikið um dýrðir víða á Suðurlandi þegar Barnamenningardagar Suðurlands fara fram dagana 22. til 26. apríl. Þótt löng hefð sé fyrir hátíðarhöldum á þessum tíma verður nú sérstök áhersla lögð á barnamenningu, þar sem boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá og skemmtilega viðburði fyrir börn og fjölskyldur um allt Suðurland.

Börnin í forgrunni sem skaparar og listamenn

Dagskráin í ár er bæði fjölbreytt og skemmtileg en þar fá börn og ungmenni tækifæri til að skapa, njóta og taka þátt í menningu á sínum eigin forsendum. Börnin sjálf verða hugmyndasmiðir, listamenn og virkir þátttakendur í viðburðum hátíðarinnar. Boðið verður upp á vinnustofur, sýningar, ljósmyndun, tónlist og ýmsa fjölskylduviðburði þar sem sköpun og gleði verða í forgrunni.

Samstarf alls landshlutans

Mikilvægur þáttur í Barnamenningardögunum er að efla þátttöku unga fólksins í menningarlífinu og stuðla að jöfnu aðgengi barna að menningu, algjörlega óháð því í hvaða sveitarfélagi þau eru búsett.




„Það er frábært að sjá hvernig allur landshlutinn tekur höndum saman fyrir börnin okkar,“ segir Lína Björg Tryggvadóttir, verkefnastjóri hjá SASS. „Við hjá SASS höldum utan um yfirbygginguna og samstarfsnetið en algjörir lykilaðilar í þessari vinnu eru starfsfólk sveitarfélaganna sjálfra og aðilar þeim tengdum. Það er í þeirra höndum að skapa og skipuleggja dagskrána á hverjum stað. Þannig tryggjum við að hátíðin blómstri í hverri heimabyggð og að viðburðirnir endurspegli raunverulegt nærumhverfi barnanna.“

„Suðurland með mínum augum“

Sérstakt sameiginlegt verkefni Barnamenningardaganna að þessu sinni er ljósmyndaverkefnið „Suðurland með augum barna“. Þar eru börn hvött til að taka myndir af nærumhverfi sínu. Markmiðið með verkefninu er að veita samfélaginu dýrmæta innsýn inn í upplifunarheim barna á svæðinu og sjá umhverfið út frá þeirra sjónarhorni.

Fjölskyldur eru hvattar til að taka virkan þátt í gleðinni vikuna 22.–26. apríl og fylgjast vel með heimasíðum og miðlum sinna sveitarfélaga þar sem nánari dagskrá verður kynnt þegar nær dregur.


Þér og þínum er boðið
á opnun **Kappahl** og **Newbie**
á Selfossi klukkan 12:00
laugardaginn 21 mars.
Kappahl
Hlökkum til að sjá ykkur
kappahl.is

# Uppbygging krefst ábyrgra fjármála



D
Hjalti Helgason
Skipar 4. sæti D-listans í Hveragerði
KOSNINGAR 2026

Í aðdraganda kosninga er bæði eðlilegt og nauðsynlegt að fara yfir fjármál Hveragerðisbæjar af ábyrgð, yfirvegun og raunsæi. Í dag og á komandi árum stendur Hveragerðisbær frammi fyrir aðkallandi framkvæmdum upp á milljarða, meðal annars í fráveitu og íþróttamannvirkjum. Slíkar fjárfestingar geta verið mikilvægar og réttlætanlegar, en ákvarðanir af þessari stærðargráðu verða að byggja á traustum forsendum og miða að greiðslugetu bæjarins.

### Bjartsýni ríkir í fjármálaáætlun

Við í D-listanum höfum rýnt þriggja ára fjármálaáætlun bæjarins. Hún byggir meðal annars á því að verðbólga lækki á næstu misserum og að íbúum fjölgi um 4% árlega. Nú þegar eru vísbendingar um að hvorugt gangi eftir, með þeim hætti sem gert var ráð fyrir. Það má leiða að því líkum að fullmikillar bjartsýni hafi gætt við áætlunargerð.

Verðbólga virðist þrálátari en vænst var og þar sem skuldir bæjarins eru að stórum hluta verðtryggðar hefur það bein áhrif á fjárhag bæjarins. Samhliða hækka laun og almennur rekstrarkostnaður. Ef íbúafjölgun verður nær 1-2% í stað 4% hægir jafnframt á tekjuvexti bæjarins. Samspil þessara þátta getur haft veruleg áhrif á afkomu bæjarins, svigrúm til nýrra verkefna og þróun skuldahlutfalls á næstu árum.

### Uppbygging verður að fylgja greiðslugetu

Uppbygging er mikilvæg og oft nauðsynleg, en hún verður að fara fram í takti við greiðslugetu bæjarins, bæði til skemmri og lengri tíma. Markmiðið hlýtur að vera að halda skuldahlutfalli innan hóflegra marka, þannig að Hveragerði standi traustum fótum, jafnvel þótt efnahagsaðstæður reynist erfiðari en gert var ráð fyrir.

Það skiptir miklu máli að sveitarfélagið sýni varfærni þegar ráðist er í stór verkefni. Íbúar eiga rétt á því að uppbygging sé skipulögð með langtímahagsmuni samfélagsins að leiðarljósi, en ekki byggð á of bjartsýnum forsendum sem geta síðar skapað erfiðar aðstæður sem kalla á erfiðar ákvarðanir.

### Ábyrg stefnumótun fyrir næsta kjörtímabil

Á næstu vikum mun D-listinn hefja markvissa stefnumótunarvinnu fyrir komandi kjörtímabil. Forsenda þeirrar vinnu er skýr og heildstæð mynd af rekstri bæjarins, skuldastöðu hans og því fjárhagslega svigrúmi sem raunverulega er fyrir hendi. Aðeins þannig er hægt að forgangsraða verkefnum af ábyrgð og tryggja að uppbygging þjóni hagsmunum bæjarbúa til framtíðar.

Ábyrg fjármálastjórn er ekki hindrun í uppbyggingu - hún er forsenda hennar.

# Saman byggjum við samfélag



D
María Rún Þorsteinsdóttir
2. sæti D-listi Sjálfstæðiflokks Hveragerði
KOSNINGAR 2026

Hveragerði er einstakur bær. Hér sameinast fallegt bæjarstæði, nánd við fjölbreytta náttúru og samfélag þar sem fólk þekkist og stendur saman þegar á reynir.

Ég flutti í Hveragerði árið 1991, þá sex ára gömul. Ég hef alla tíð litið á það sem forréttindi að hafa alist upp í Hveragerði, svo þegar kom að því fyrir okkur hjónin að ákveða hvar við vildum setjast að og ala upp börnin okkar var valið auðvelt.

Enginn annar staður kom til greina.

Umhverfið í Hveragerði er einstakt og hér eru fjölmörg tækifæri til að efla lýðheilsu. Sundlaugin, golfvöllurinn og fjölbreyttir útivistarmöguleikar gera daglegt líf bæði heilbrigt og ánægjulegt. Þetta eru allt þættir sem styrkja samfélagið og gera Hveragerði að líflegum og góðum stað fyrir fólk á öllum aldri.

Rekstur sem varð að samfélagi

Fljótlega eftir að við fluttum aftur til Hveragerðis og stofnuðum hér fjölskyldu opnuðum við hjónin CrossFit Hengil. Reksturinn varð fljótt stór hluti af lífi okkar og á rúmum áratug byggðum við upp starf sem tengdi saman fólk úr ólíkum áttum.

Árin okkar í CrossFit Hengli voru mér sérstaklega lærdómsrík. Markmiðið okkar var að tíminn sem fólk varði hjá okkur væri hápunktur dagsins. Við lögðum áherslu á virðingu, persónulega nálgun og hvetjandi samfélag þar sem allir gátu fundið sinn styrk.

Leiðarljós okkar var einfalt: „Enginn getur allt en allir geta eitthvað.“ Það var ekki bara slagorð heldur hugsun sem mótaði menninguna, samskiptin og andrúmsloftið í kringum starfið og hefur fylgt mér áfram.

Í dag starfa ég sem ráðgjafi hjá Vinnumálastofnun. Þar, eins og í öðrum verkefnum, skipta mannleg nálgun, hlýja og skýr samskipti sköpum. Fagmennska og virðing fyrir fólki eru lykilforsendur árangursríks samstarfs.

Sterkt samfélag til framtíðar

Ég trúi því að samheldni, gagnsæi og góð samskipti séu hornsteinar hvers samfélags. Þegar fólk vinnur saman og nýtir styrkleika hvers annars verður samfélagið sterkara.

Hveragerði stendur á sterkum grunni, en hann hefur óneitanlega veikst á síðustu árum. Hér er kraftur, samheldni og fólk sem vill vel. Framtíðin ræðst af því hvernig við stöndum saman, nýtum styrkleika sveitarfélagsins og byggjum áfram á þeim gildum sem lengi einkenndu bæinn okkar.

Þetta er samfélagið sem mótaði mig og hér hef ég valið að ala börnin mín upp. Mér er annt um bæinn, fólkið sem hér býr og hvernig við mótum framtíðina saman. Saman getum við byggt enn sterkara samfélag fyrir alla.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Útgefandi:** Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
**Ritstjóri:** Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
**Blaðamaður:** Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
**Auglýsingadeild:** Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

**Prentun:** Prentmet Oddi Svansvottuð prentsmiðja

**ISSN 1670-407X**

# Gáta vikunnar

Glímukappar gjarnan stunda,
gildra sem við sneiðum hjá.
Að skeyta saman skatnar dunda,
skóamaður lét ei ná.

Svar við gátu í blaði 2843: **ÞING**
**Þing** landsina - Alþingi, hlutur - þarfa**þing**.
Fundur (**Þröng á þingi**) - **Þing**staður, hérað sbr. Rangár**þing**

# Sunnlenski matgæðingurinn



Gervigreindarmynd

## Kotlety z kurczaka – „kjúklingasnitsel“ og Mizeria gúrkusalat

*Sunnlenski matgæðingur vikunnar er Julita Figlarska.*

Ég vil byrja á því að þakka Kidda, yndislega tengdaföður mínum, fyrir áskorunina. Alltaf þegar okkur er boðið í mat til hans hlakka ég til, því það er undantekningarlaust algjör veisla!

Mig langar að fá að deila með ykkur „sunnudagsmatnum“ í Póllandi, þar sem ég á ættir að rekja þangað. Það er alltaf fögnuður á heimilinu þegar þessi réttur er í matinn!

### Kotlety z kurczaka – „kjúklingasnitsel“

4 stk. kjúklingabringur
Olía
Smjör
Brauðrasp
2–3 egg (stundum þarf fleiri)
Hveiti
Kjúklingakrydd
Salt
Pipar
Paprikukrydd
Hvítlauksduft
Laukduft

Leggið kjúklingabringurnar á skurðarbretti og fletjið þær út með kjöthamri (eða kökukefli t.d.) svo þær þynnist. Ef þið viljið fá fleiri bita er líka hægt að skera bringurnar í tvennt og fletja þær aðeins minna út. Passið að það komi ekki gat á þær.

Kryddið bringurnar síðan á báðum hliðum með kryddunum sem nefnd eru í uppskriftinni eða þeim kryddum sem ykkur finnst gott að setja á kjúkling.

Setjið slatta af hveiti í eina skál, brjótið egg í aðra og setjið brauðrasp í þá þriðju. Setjið smá af þeim kryddum sem þið notuðuð á kjúklinginn út í eggin og pískið.

Veltið hverri og einni bringu fyrst upp úr hveiti, svo í eggjahrærunni og síðast í brauðraspinu og leggið á disk. Passið að bringurnar séu vel þaktar.

Þegar búið er að þekja allar bringurnar er hitað slatta af olíu á pönnu og bringurnar steiktar á báðum hliðum þar til raspið er gullbrúnt.

Raðið steiktu bringunum í eldfast mót, setjið nokkrar klípur af smjöri í mótið og setjið í ofn við 180°C í um 15–20 mínútur, svo þær klári að eldast í gegn.

Þá eru bringurnar tilbúnar. Mér finnst best að bera þær fram með stöppuðum kartöflum og dreifa smjörinu úr eldfasta mótinu yfir kartöflurnar.

Einnig er mjög klassískt að strá fersku eða þurrkuðu dilli yfir kartöflurnar ef þið viljið hafa þetta extra pólskt!

Þó má auðvitað bera þær fram með því sem ykkur finnst best. Ég ætla líka að fá að deila með ykkur klassísku pólsku gúrkusalati, „Mizeria“, sem er oft borið fram með réttinum.

### Mizeria – gúrkusalat

1 gúrka
Salt
Pipar
1 dolla sýrður rjómi
½ sítróna
Dill (valkvætt)

Skerið gúrkuna í þunnar sneiðar og setjið í skál. Stráið salti yfir og látið liggja í um 10 mínútur.

Sigtið síðan vatnið frá sem hefur myndast af gúrkunum. Setjið sýrða rjómann út í, kreistið smá sítrónusafa yfir og bætið við salti og pipar. Einnig er gott að setja ferskt (eða þurrkað) dill út í.

Hrærið þessu öllu saman og smakkið til með salti og pipar.

Verði ykkur að góðu!

Ég ætla að skora á vin minn, Sigurð Hrafn, að deila með ykkur góðri uppskrift í næstu viku.

*Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.*






# LÓÐIR UNDIR ÍBÚÐARHÚSNÆÐI Á EYRARBAKKA, SALA Á BYGGINGARÉTTI

## HJALLADÆL

**Árborg auglýsir til sölu byggingarétt fyrir íbúðarhúsnæði. Um er að ræða 3 lóðir n.t.t 2 parhúsalóðir fyrir alls 4 íbúðir og ein raðhúsalóð fyrir alls 3 íbúðir Stærð lóðanna er á bilinu 1.100-1.650 m2. Um er að ræða vel staðsettar lóðir nærri grunn- og leikskóla**

Leitað er að kauptilboðum í lóðirnar frá einstaklingum og/eða lögaðilum sem hyggjast byggja íbúðir í samræmi við deiliskipulag svæðisins. Lóðirnar eru í framhaldi af núverandi Hjalladæl til austurs

Lóðirnar sem um ræður eru: Hjalladæl 15-19, 21-23 og 25-27. Lóðirnar verð tilbúnar til afhendingar 1.nóvember 2026.

*Tilboð í byggingarrétt á lóðunum ásamt umbeðnum fylgi gögnum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour (tengill er á vef Árborgar) innan auglýsts skilafrest, sem er kl. 12:00 föstudaginn 10.apríl 2026. Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur er liðinn. Í kjölfar opnunar verður tilboðsgjöfum sent opnunaryfirlit rafrænt.*

**Nánari upplýsingar er að finna á vef Árborgar, www.arborg.is**

Sveitarfélagið **ÁRBORG**





# Við stækkum fermingargjöfina

Fermingarbörn og jafnaldrar fá allt að **32.000 kr.** mótframlag og glaðning þegar þau spara hjá Landsbankanum.

Við erum betri saman




# Fyrsta bók útgáfunnar Blakks

Bókin Í framlínu - lögreglumenn segja frá er komin út og er hún þegar komin í helstu bókaverslanir. Í framlínu er fyrsta bók útgáfunnar Blakks á Selfossi. Höfundur er Júlíus Ó. Einarsson þjóðfræðingur, sem jafnframt er fyrrverandi lögreglumaður. Í bókinni lýsa tugir lögreglumanna starfi sínu, einstökum verkefnum og upplifunum á meira en 250 blaðsíðum. Einnig eru þar hugleiðingar um eðli lögreglustarfins og áhrif þess á þá sem því sinna og þeirra nánustu. Viðmælendur í bókinni eru af báðum kynjum, öllum aldri, flestum starfsstigum og hvarvetna af landinu. Viðlíka innsýn hefur ekki áður verið gefin í lögreglustarfið hérlendis. Um leið er bókin öðrum þræði sögulegt yfirlit löggæslu síðustu fjörutíu ára.

Lesa má stutta útdrætti úr nokkrum frásögnum á vefsíðu útgáfunnar: Í framlínu – lögreglumenn segja frá – Blakkur.




***Kápa bókarinnar Í framlínu lögreglumenn segja frá. Mynd: Aðsend.***

# Egill söngvari hittir Egil Thorarensen

Fátt er skemmtilegra en að ganga með fólki um hinn nýja miðbæ Selfoss, fara yfir söguna og ganga hringinn inn á torgið. Ég hef alltaf vegferðina við styttuna af Agli Thorarensen, jarlinum af Sigtúnum, þar blasir upphafið við Ölfusárbrú, Tryggvaskáli og gestir eru staddir á hlaðinu í Sigtúnum við hið endurreista verslunarhús eða kaupmannshúsið og síðar hóf Kaupfélag Árnesinga starfsemi sína þar 1930.

Á dögunum var kominn söngvarinn ástsæli Egill Ólafsson og kona hans Tinna Gunnlaugsdóttir, ásamt læknishjónunum Þóri V Þórissyni og Auði Dúadóttur.

Styttan af Agli Thorarensen vekur mikla athygli við Brúartorgið en Egill telst guðfaðir Selfoss og Þorlákshafnar. En margir hafa orð á því að styttan sé ekki síður lík Agli Ólafssyni. Nú kom tækifærið að mynda þá saman kempurnar. En þessir góðu gestir kunnu sögu hinna endurreistu húsa í Brúarstrætinu. Enn fremur að svið Þjóðleikhússins var byggt úr brotajárni gömlu brúarinnar sem féll 1944 undan mjólkurbílum Mjólkurbús Flóamanna.

Og er alltaf jafn merkilegt að standa við kransinn í miðbænum með gesti sína og segja frá fallegasta húsi Selfoss, Mjólkurbúi Flóamanna, og undrunarsvipurinn sem færist yfir andlitin þegar greint er frá því að þetta hús var brotið niður þegar hið mikla og lágreista mjólkurbú reis aftur austast í þorpinu, og þessi perla var brotin niður með sleggjum og loftpressu. Að lokum drukku þessir góðu gestir kaffi í hinu fræga Konungskaffi sem eitt sinn var konungshúsið á Þingvöllum og síðar forsætisráðherrabústaðurinn sem brann 10. júlí 1970 og forsætisráðherrahjónin Bjarni Benediktsson og Sigríður Björnsdóttir ásamt ungum dóttursyni fórust í eldsvoðanum.

*Guðni Ágústsson*





## Leiðtogi óskast til að leiða starfsemi í fallegustu sundlaug landsins

Hveragerðisbær auglýsir starf forstöðumanns sundlaugarinnar Laugarskarði Forstöðumaður ber ábyrgð á starfsemi sundlaugarinnar, skipuleggur daglega starfsemi og fer með mannaforráð. Staða forstöðumanns fellur undir nýtt svið mennta, menningar og lýðheilsu hjá Hveragerðisbæ. Forstöðumaður tekur þátt í stefnumótun þeirra mála sem snerta starfsemi sundlaugarinnar innan sviðsins.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Daglegur rekstur og skipulag á starfsemi sundlaugar
- Ábyrgð á málefnum starfsfólks sundlaugar m.a. ráðning starfsfólks, vaktaskipulag o.fl.
- Samskipti við stjórnendur og starfsfólk annarra stofnanna sem nýta þjónustu sundlaugar.
- Ábyrgð og eftirlit á öryggismálum og gæðaeftirliti skv. gildandi reglugerðum og starfsemi sundlaugarinnar og samskipti við efirlitsaðila.
- Þátttaka í áætlunargerð í starfseminni s.s. fjárhagsáætlunargerð og annarri stefnumótunarvinnu.
- Þróun og umbætur í þjónustu og starfsemi sundlaugarinnar
- Gert er ráð fyrir að forstöðumaður sinni vöktum sem sundlaugarvörður.



**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Umsækjandi skal hafa lokið viðurkenndu skyndihjálparnámskeiði og endurlífgun (CPR) og standast hæfnipróf laugavarða sbr. reglugerð fyrir sundstaði.
- Æskilegt er að umækjandi hafi reynslu af starfsmannahaldi og sé lausnamiðaður og úrræðagóður.
- Þekking umsækjenda á lögum og reglugerðum er varða starfsemi sundlauga er kostur.
- Umsækjandi skal hafa góða íslenskukunnáttu, góða tölvukunnáttu og hæfni til að tileinka sér ný kerfi.
- Mikilvægt er forstöðumaður hafi hæfni og getu til að bregðast við ófyrirséðum aðstæðum.
- Jákvætt viðmót og lipurð í mannlegum samskiptum er mikilvægur eiginleiki.

Um er að ræða 100% starf. Umsóknarfrestur er til og með 27. mars 2026.
Hreint sakavottorð er skilyrði.
Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir sviðstjóri: elfa@hveragerdi.is
Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum íbúagátt Hveragerðisbæjar ásamt ferilskrá og kynningarbréfi.



# Handverk og huggulegheit - handverksgleði á Bókasafni Árborgar Selfossi

Laugardaginn 21. mars verður mikil handverksgleði haldin í annað sinn á Bókasafni Árborgar Selfossi en viðburðurinn sló í gegn á síðasta ári en mikið af handverksfólki á Suðurlandi. Ýmiss konar handverk verður rætt og skoðað en þær konur sem halda uppi fjörinu eru Ásta Guðmundsdóttir listamaður og fatahönnuður sem ætlar að fjalla um það hvernig gömul föt geta breyst í ný, Kristín Stefánsdóttir veflistakona fjallar um sitthvað sem tengist vefnaði ásamt því að sýna ofin stykki og Kristjana Kona handverkslistakona fjallar um hekl, prjón, brjóst og ýmislegt fleira skemmtilegt.

Fjörið stendur frá kl. 15.00-17.00, kaffi og konfekt í boði og öll hjartanlega velkomin.











# Bachtónleikar í Skálholti

Jón Bjarnason og Pétur Nói Stefánsson verða með Bachtónleika í Skálholtsdómkirkju laugardaginn 21. mars kl. 17:00, á orgel og flygil í tilefni af fæðingardegi Bachs. Á þessum tónleikum verður einnig leikið á flygil, þótt slíkt hljóðfæri hafi ekki verið til á tímum Bachs.

Jón Bjarnason dómorganisti í Skálholti fæddist í Skagafirði 1979 þar sem hann hóf píanónám 7 ára gamall. Hann lauk 8. stigs prófi í píanóleik frá Tónlistarskóla Skagafjarðasýslu árið 1998. Jón útskrifaðist úr Tónlistarskólanum í Reykjavík með píanókennarapróf árið 2003. Hann útskrifaðist með Kantorspróf og einleiksáfanga frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar árið 2006. Veturinn 2011-2012 lauk hann diplómu í orgelleik frá Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn. Jón hefur starfað sem píanóleikari með Karlakór Selfoss frá árinu 2011.

Pétur Nói Stefánsson (f. 2003) hóf suzuki-píanónám 6 ára gamall við Tónlistarskóla Árnesinga hjá Ester Ólafsdóttur. Hann lauk framhaldsprófi í orgelleik vorið 2022. Árið 2023 lauk Pétur Nói kirkjuorganistaprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar og lauk kantorsprófi 2025 undir handleiðslu Björns Steinars Sólbergssonar. Nam hann einnig orgelleik hjá Kára Þormar og kórstjórn hjá Magnúsi Ragnarssyni. Hann hefur haldið orgeltónleika víðs vegar og einnig komið fram sem bæði einleikari og undirleikari. Undanfarin sumur starfaði hann sem bæjarlistamaður og hélt reglulega hádegistónleika í Hveragerðiskirkju. Pétur Nói var ráðinn organisti við Eyrarbakkakirkju árið 2023 en sl. haust tók hann við fjórum kirkjum í Flóanum.



†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og sambýliskona

**BRYNDÍS TRYGGVADÓTTIR**
**Gráhellu 14**

lést þriðjudaginn 3. mars á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Útförin fer fram þriðjudaginn 24. mars klukkan 13 frá Selfosskirkju.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Árnessýslu.

**Þorsteinn Tryggvi Másson** **Svanhildur Gunnlaugsdóttir**
**Sveinbjörn Másson** **Hildur Júlía Lúðvíksdóttir**
**Már Ingólfur Másson** **Jónína Ásta Ölversdóttir**
**Rakel Anna Mádóttir** **Philip Hansen**
**Hrafnkell Steinþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

***Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar:***

**Aðalskipulagsbreyting – Verslunar- og þjónustusvæði VÞ4 og opið svæði OP1.**
Óveruleg breyting er gerð á gildandi aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Breytingin tekur að hluta til stækkunar á svæði VÞ4 og samsvarandi minnkunar á svæði OP1. Breytingin er gerð til að auka landnýtingu fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi. Skipulagssvæðið sem breytingin tekur til er 3,2 ha að stærð.
Allar upplýsingar máls eru aðgengilegar á skipulagsgatt.is (málsnr. 157/2026)

**Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.**

Virðingarfyllst,
Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi



Sumarstarf í ferðaþjónustu

Southcoast Adventure ferðaþjónustufyrirtæki, staðsett á Hvolsvelli, leitar að metnaðarfullum einstaklingum til að starfa sem atvinnubílstjóri/ leiðsögumaður með ríka þjónustulund. Í boði er sumarstarf með möguleika á framtíðarstarfi hjá rótgrónu og traustu fyrirtæki í ferðaþjónustu.

. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á info@southadventure.is eða í síma 867-3535 ( mánudaga-föstudaga kl. 08:00-16:00)

SOUTHCOAST ADVENTURE
WWW.SOUTHADVENTURE.IS




# Styrktartónleikaröð í Hveragerðiskirkju

Nú stendur fyrir dyrum hreinsun á orgelinu í Hveragerðiskirkju. Það er mikið verk og kostar sitt. Því verða haldnir tónleikar í kirkjunni nú á vormánuðum til styrktar þessu verkefni. Mikill fjöldi tónlistarmanna mun leggja okkur lið og eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, verða tónleikarnir mjög fjölbreyttir.

Við kunnum öllum þessum tónlistarmönnum bestu þakkir fyrir þeirra framlag svo og öllum öðrum, sem komið hafa að skipulagningu og framkvæmd þessa verkefnis með einum eða öðrum hætti.

Við vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta á tónleikana og stykja verkefnið og njóta góðrar tónlistar í leiðinni.

Áhugahópur um viðhald hljóðfæra í Hveragerðiskirkju



# Framboðslisti Framsóknar í Árborg samþykktur

Framboðslisti xB í Árborg fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar var kynntur og samþykktur einróma á fjölmennum félagsfundi Framsóknarfélags Árborgar.

Á listanum er breiður og öflugur hópur fólks með fjölbreytta reynslu úr atvinnulífi og samfélagi Árborgar. Þar er fólk úr ólíkum áttum samfélagsins sem sameinast um vilja til að leggja sitt af mörkum til áframhaldandi uppbyggingar sveitarfélagsins.

Reynslan á listanum er mikil. Tveir af núverandi bæjarfulltrúum Framsóknar halda áfram á listanum og þar að auki er þar að finna fólk sem hefur starfað í sveitarstjórnum og á Alþingi, ásamt nýju fólki sem kemur inn með ferska sýn.

*Fréttatilkynning frá Framsókn í Árborg*

**Framboðslisti Framsóknar í Árborg:**

1. Matthías Bjarnason, tæknimaður og varabæjarfulltrúi
2. Ellý Tómasdóttir, bæjarfulltrúi, verkefnastjóri og forvarnarfulltrúi
3. Arnar Freyr Ólafsson, bæjarfulltrúi, framkvæmdastjóri og fyrirtækjaráðgjafi
4. Guðrún Rakel Svandísardóttir, skólastjóri
5. Magnús Benediktsson, rekstrarstjóri
6. Kristín Júlía Hannesdóttir, sjúkraþjálfari
7. Árdís Lilja Gísladóttir, grafískur hönnuður
8. Guri Hilstad Ólason, ráðgjafi og starfsmaður sendiráðs
9. Óskar Hróbjartsson, fangavörður
10. Ólafur Már Ólafsson, húsasmiður og bóndi
11. Ólafía Ingólfsdóttir (Lóa), eldriborgari
12. Þorvaldur Guðmundsson, umsjónarmaður fasteigna hjá HSU
13. Böðvar Arnarsson, húsasmiður í meistara- og slökkviliðsnámi
14. Erna Guðjónsdóttir, tómstunda- og félagsmálafræðingur
15. Gissur Jónsson, starfsmaður Umf. Selfoss
16. Iða Marsibil, framkvæmdastjóri
17. Guðmundur Heiðar Ágústsson, slökkviliðs og sjúkraflutningamaður
18. Sólveig Þorvaldsdóttir, bygginga- og jarðskjálftaverkfræðingur
19. Ragnar Geir Brynjólfsson, organisti og fyrrverandi kerfisstjóri
20. Gils Einarsson, fyrrverandi formaður Suðurlandsdeildar VR
21. Kolbrún J. Erlendsdóttir, formaður Suðurlandsdeildar VR og formaður Framsóknarfélags Árborgar
22. Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, lögfræðingur og fyrrverandi þingmaður

# Framboðslisti Samfylkingar og óháðra í Árborg samþykktur

Fjölmennur félagsfundur Samfylkingarinnar í Árborg samþykkti einróma framboðslista Samfylkingar og óháðra vegna sveitastjórnarkosninganna þann 16. maí næstkomandi.

Sigurjón Vídalín Guðmundsson bæjarfulltrúi leiðir listann og í 2. sæti er Margrét Björk Ólafsdóttir hjúkrunastjóri. Brynjar Þór Elvarsson stjórnsýslufræðingur skipar 3. sæti listans, Elísabet Björgvinsdóttir skemmtanastjóri, samfélagsmiðlastjóri og þjálfari er í 4. sæti, Árni Magnússon verkefnastjóri skipar 5. sæti, Elísabet Davíðsdóttir lögfræðingur skipar 6. sæti listans og Margrét K. Sverrisdóttir íslenskufræðingur skipar 7. sætið.

Framboðslistann skipa reynslumiklir einstaklingar sem sitja í bæjarstjórn Árborgar auk nýrra frambjóðenda sem nú stíga sín fyrstu skref í sveitarstjórnarmálum, fullir áhuga á að gera gott sveitarfélag enn betra.

Í hópnum eru einstaklingar með víðtæka þekkingu og reynslu víðs vegar að úr samfélaginu og spegla vel þá miklu breidd sem býr í ört vaxandi samfélagi. Listinn mun á næstunni kynna stefnumál sín.

Listinn hefur á að skipa sterkum hópi fólks sem vill leggjast saman á árarnar við að létta daglegt líf fólks. Svf. Árborg á að vera samfélag þar sem þjónusta og bæjarbragur standi undir væntingum íbúa. Við viljum taka ábyrgð á að byggja upp sveitarfélagið með skýrri sýn og góðu samstarfi við íbúa. Markmið okkar er að taka á þeim verkefnum sem blasa við og byggja upp sterkt og lifandi samfélag.

*Fréttatilkynning frá S-listanum í Árborg*



**Framboðslisti Samfylkingar og óháðra í Árborg 2026:**

1. Sigurjón Vídalín Guðmundsson, sérfræðingur hjá Vegagerðinni og bæjarfulltrúi.
2. Margrét Björk Ólafsdóttir, hjúkrunarstjóri.
3. Brynjar Þór Elvarsson, stjórnsýslufræðingur.
4. Elísabet Björgvinsdóttir, skemmtanastjóri, samfélagsmiðlastjóri og þjálfari.
5. Árni Magnússon, verkefnastjóri.
6. Elísabet Davíðsdóttir, lögfræðingur.
7. Margrét K. Sverrisdóttir, íslenskufræðingur.
8. Eva Gunnarsdóttir, skjalastjóri.
9. Einar Sindri Ólafsson, jarðfræðingur
10. Herdís Sif Ásmundsdóttir, kennari og hjúkrunarfræðingur.
11. Linda Ásdísardóttir, sérfræðingur á Byggðasafni Árnesinga.
12. Benoný Jónsson, líffræðingur, sérfræðingur á Hafrannsóknastofnun og stöðvastjóri.
13. Renuka Chareyre, starfsmaður í grunnskóla.
14. Tinna Berg Rúnarsdóttir, leikskólakennari.
15. Svala Norðdahl, lífskúnstner.
16. Kristinn Hermannsson, rafvirki.
17. Davíð Kristjánsson, vélvirki.
18. Þorvarður Hjaltason, fyrrverandi framkvæmdastjóri SASS.
19. Margrét Frímannsdóttir, fyrrverandi alþingiskona.
20. Ástríður M. Sigurðardóttir, gæðastjóri.
21. Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra.
22. Arna Ír Gunnarsdóttir, verkefnastjóri og bæjarfulltrúi.

# Framboðslisti T-listans samþykktur á fjölmennum fundi

Framboðslisti T-listans í Bláskógabyggð fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar var samþykktur á fjölmennum fundi sem haldinn var í Efstadal. Á fundinum var tillaga uppstillinganefndar lögð fram og samþykkt samhljóða.

Á listanum er fólk með víðtæka reynslu, menntun og bakgrunn. Þá koma frambjóðendur víðsvegar að úr sveitarfélaginu og endurspegla því vel samfélagið í Bláskógabyggð.



Helgi Kjartansson, íþróttakennari og núverandi oddviti leiðir listann og í öðru sæti er Stefanía Hákonardóttir, verkfræðingur. Í þriðja sæti er Áslaug Alda Þórarinsdóttir, meistaranemi í félagsráðgjöf, í fjórða sæti er Ísak Eyfjörð Arnarson viðskiptafræðingur og fimmta sæti er Kristján Einir Traustason, viðskiptalögfræðingur.

*Fréttatilkynning frá T-listanum*

**Eftirfarandi einstaklingar skipa listann:**

1. Helgi Kjartansson, kennari og oddviti
2. Stefanía Hákonardóttir, verkfræðingur
3. Áslaug Alda Þórarinsdóttir, meistaranemi í félagsráðgjöf
4. Ísak Eyfjörð Arnarson, viðskiptafræðingur
5. Kristján Einir Traustason, viðskiptalögfræðingur
6. Elías Bergmann Jóhannsson, kennaranemi
7. Grímur Kristinsson, smiður og búfræðingur
8. Anna Svava Sverrisdóttir, framkvæmdarstjóri
9. Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, vélvirki og bóndi
10. Axel Sæland, blómabóndi
11. Ewa Piatek, gróðurhúsastjóri
12. Sindri Fannar Sigurbjörnsson, sjúkraflutningamaður
13. Harpa Sævarsdóttir, sjúkraþjálfari
14. Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir, bóndi

# Samfylking og félagar kynna lista í Ölfusi



Í fyrsta sinn í 20 ár býður Samfylkingin fram lista í sveitarfélaginu Ölfusi. Listinn er skipaður Samfylkingarfólki og félögum í Ölfusi og kynnti formaður flokksins og forsætisráðherra, Kristrún Frostadóttir, hópinn á opnum fundi á Heima Bistro í Þorlákshöfn. Fullt var út úr dyrum og mikil ánægja með listann.

Oddviti listans er Gunnsteinn R. Ómarsson sem var bæjarstjóri í Ölfusi á árunum 2013-2018, á þeim tíma þegar samstillt bæjarstjórn minni- og meirihluta lagði línur og hóf m.a. framkvæmdir við stækkun á höfninni sem leiddi til þess sögulega uppgangs sem hefur verið í Ölfusi síðustu árin. Gunnsteinn er þó ekki mættur til leiks til þess að verða bæjarstjóri á ný, heldur til þess að miðla sinni reynslu inn í bæjarstjórn næstu fjögur árin en hann starfar sem framkvæmdastjóri Sameykis í dag.

Á listanum er fjölbreyttur hópur fólks með ríka þekkingu á ýmsum krókum og kimum í samfélaginu. Berglind Friðriksdóttir sálfræðingur sem nú situr í bæjarstjórn fyrir Íbúalistann er í öðru sæti, Pálmi Þór Ásbergsson, íþróttafræðingur og aðstoðarforstöðumaður í sértækri félagsmiðstöð, er í þriðja sæti og Bryndís Sigurðardóttir, viðskiptafræðingur, markaðs- og útflutningsfræðingur, kerfisfræðingur og fyrrverandi bæjarstjóri með meiru skipar fjórða sætið.

Listann í heild sinni má sjá hér til hliðar.

Samfylkingin og félagar í Ölfusi hafa gert samkomulag við bæjarstjóraefni utan listans sem verður kynntur til leiks þegar nær dregur kosningum, en um reynslumikla manneskju í sveitarstjórnarmálum er að ræða.

Á fundinum sögðu Gunnsteinn og Berglind frá helstu áherslumálum listans í komandi kosningum. Áhersla er á að skipulagsmál í sveitarfélaginu taki mið af lífsgæðum íbúa og að ekki verði þrengt að hafnarsvæðinu, að vinna markvisst að því að rækta þorpsandann og velferð íbúa með ýmsum aðgerðum og byggja upp fjölbreytt og öflugt atvinnulíf. Þá kom einnig fram að efla á samstarf við íbúa um málefni sveitarfélagsins og styrkja samstarf við önnur sveitarfélög.

*Fréttatilkynning frá S-listanum í Ölfusi*

**Samfylkingin og félagar í Ölfusi**

1. Gunnsteinn R. Ómarsson, framkvæmdastjóri
2. Berglind Friðriksdóttir, sálfræðingur
3. Pálmi Þór Ásbergsson, aðstoðarforstöðumaður í sértækri félagsmiðstöð
4. Bryndís Sigurðardóttir viðskiptafræðingur
5. Sigurður Freyr Vestmann Sigurvinsson, viðskiptafræðingur og ráðgjafi
6. Sigfús Benóný Harðarson, aðalvarðstjóri hjá ríkislögreglustjóra
7. Hrafnhildur Lilja Harðardóttir, sálfræðingur
8. Sylwia Dzwoniarska, túlkur og starfsmaður í leikskóla í fæðingarorlofi
9. Gunnar Sigurðsson, tölvunarfræðingur og bruggmeistari
10. Guðrún Bjarnadóttir, sjálfstætt starfandi við fræðslu og handverk
11. Helga Ósk Gunnsteinsdóttir, læknanemi
12. Hannes Gunnarsson, trésmíðameistari og eftirlaunamaður
13. Hjördís Erlingsdóttir, ritari á Heilbrigðisstofnun Suðurlands
14. Guðmundur Oddgeirsson, eftirlaunamaður og fyrrverandi hitt og þetta

# Kynning á S-listanum í Hveragerði



*Á myndina vantar Árnýju Fjólu Ásmundsdóttir.*

Samfylkingin og óflokksbundnir (X-S) bjóða nú fram í Hveragerði til sveitarstjórnarkosninganna í vor og var framboðslistinn kynntur á opnum kynningarfundi í húsi leikfélagsins, Austurmörk 23, laugardaginn 14. mars.

Listinn er skipaður öflugu fólki með fjölbreytta reynslu og þekkingu sem vill leggja sitt af mörkum til þróunar og áframhaldandi uppbyggingar Hveragerðisbæjar. Í starfinu framundan hjá S-listanum verður lögð áhersla á að fólk með ólíkar skoðanir og ólíkan bakgrunn geti fundið sér farveg og staðið saman með félagshyggju og jafnaðarstefnu að leiðarljósi.

*Fréttatilkynning frá Samfylkingunni og óflokksbundnum í Hveragerði*

**S-listinn í Hveragerði er þannig skipaður:**

1. Birgitta Ragnarsdóttir, tollamiðlari
2. Þorsteinn Hjartarson, eldri borgari og fv. fræðslustjóri
3. Maria Araceli, dans- og leiklistarkennari
4. Guðmundur Benóný Baldvinsson, lagerstjóri
5. Berglind Ósk Guttormsdóttir, leiðsögumaður og ferðaskipuleggjandi
6. Arnar H. Halldórsson, verkfræðingur
7. Árný Fjóla Ásmundsdóttir, leiðbeinandi í leikskóla og listakona
8. Tómas Kristjánsson, sálfræðingur og lektor
9. Kristín Lilja Thorlacius, bókasafns- og upplýsingafræðingur
10. Halldór Grétar Einarsson, tæknistjóri
11. Harpa Björnsdóttir, deildarstjóri og leikskólakennari
12. Hjálmar Trausti Kristjánsson, bílstjóri
13. María Arnardóttir, myndlistarkona
14. Ingibjörg Sigmundsdóttir, eldri borgari og fv. garðyrkjubóndi

SS fremst fyrir bragðið Síðan 1907

**Sumarafleysingar í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli**

Við hjá Sláturfélagi Suðurlands leitum nú að öflugum og hressum sumarstarfsmönnum til afleysingastarfa í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli. Hjá okkur tekur þú þátt í að framleiða hágæða sunnlenskar kjötvörur fyrir landsmenn og ferðalanga.
Ef þig vantar vinnu í sumar þá stendur heimili SS pylsunnar opið og við hvetjum við þig til að sækja strax um hjá okkur. Skilyrði er að vera 16 ára á árinu eða eldri. Í flestum tilvikum er um vaktavinnu að ræða.

Sækja skal um starf á heimasíðu félagsins, ss.is undir; https://www.ss.is/storf-i-bodi/ og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um SS.

Frekari upplýsingar veitir verksmiðjustjóri í síma 488-8227, olga@ss.is.

**Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra**

***Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:***

**Varmahlíð undir Eyjafjöllum– Nýtt deiliskipulag**
Deiliskipulagstillagan að Varmahlíð undir Eyjafjöllum tekur til sex byggingarreita sem þegar hefur verið byggt á. Tillagan gerir ráð fyrir stækkunarmöguleikum og breyttri notkun undir ferðaþjónustu.

**Fossengi úr landi Brúar við Auraveg – Nýtt deiliskipulag**
Deiliskipulagstillagan að Varmahlíð undir Eyjafjöllum tekur til sex byggingarreita sem þegar hefur verið byggt á. Tillagan gerir ráð fyrir stækkunarmöguleikum og breyttri notkun undir ferðaþjónustu.

**Garðatún úr landi Stóra-Moshvols – Nýtt deiliskipulag**
Deiliskipulagstillagan tekur til 3,7 spildu úr Stóra-Moshvoli 2, L199620. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að reisa frístundahús á einni hæð eða 160 m² að flatarmáli. Hámarkshæð er 4,5 og þakform er marghalla. Einnig verður heimilt að byggja 120 m² gestahús og bílskúr af sömu stærð.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 17. mars 2026. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 30. apríl 2026. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega í Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra**

## FUNDIR

Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

**Mánudaga kl. 11-14**
*Opið hús*

**Þriðjudagar kl. 11-13**
*Upprekjur*

**Þriðjudagar kl. 14:-16**
*Unga fólkið*

**Miðvikudagar kl. 11-14**
*Opið hús*

**Fimmtudagar lokað**
*Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brossíðunni*

**Föstudagar kl. 11-13**
*Opið hús*

**Fyrsta þriðjudag** í mánuði Karlahópurinn Smárarnir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facbook: Krabbameinsfélag Árnessýslu/Brosið/Smáranir

**Al-Anon Selfossi**
Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga. Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

**Al-Anon Selfossi**
Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

**AA**
Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

**Polskie mitingi**
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

**CoDA-fundur / Meðvirkni**
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

**Leiðin út á þjóðveg**
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

**AA fundir í Hveragerði í húsi Rauða krossins. Mánamörk 1**
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 - Sporafundur - Konur

## ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122

**Daglegar ferðir**
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

**Fjárheimar ehf.**
Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

Hægt er að senda inn fréttatilkynningar á netfangið dfs@dfs.is
DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

## HEILSA

Energy Touch - Nudd - Heildræn meðhöndlun
*Jákvæðar hugsanir breyta deginum*

Ragnhildur Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is
Cand.mag. í íþróttafræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, heilsunuddari, Hugræn atferlismeðferð, meta medicine.

## FÉLAGSSTÖRF

FÉLAG ELDRI BORGARA FEB SELFOSSI

**SKRIFSTOFA FEBSEL**
Opin fimmtudaginn
19. mars kl. 13:00-14:30

**OPIÐ HÚS**
Fim. 19. mars kl. 14:45

***FRÆGASTA SJÓORUSTA VIÐ ÍSLAND***
*GUNNAR A. ÓLAFSSON*

*Kaffihlaðborð kvennfélagsins verð 1.500 kr.*

## ÞJÓNUSTA

JEPPAVERK
Þorlákshöfn
**Almennar bílaviðgerðir**
Erum á Noona
625 1515

## KIRKJUR

**Skálholtsdómkirkja**
Messa kl. 11 sunnudaginn 22. mars. Sr. Axel Árnason Njarðvík héraðsprestur þjónar fyrir altari og prédikar. Jón Bjarnason dómorganisti leikur undir og leiðir safnaðarsöng. Barnaborðið er á sínum stað. Innilega velkomin.

**Mosfellskirkja í Grímsnesi**
Föstuíhugun á miðvikudagskvöld 25. mars kl. 19.30 í litlu svörtu kirkjunni í Grímsnesinu. Nú beinum við athygli okkar að hinu illa í veröldinni og hvernig við höfum séð það fyrir okkur í sögu og samtíð. Siðfræðiprófessorinn dr. Sólveig Anna Bóasdóttir hefur samtalið í kirkjunni og heldur því áfram í kirkjukaffi á prestsetrinu. Innilega velkomin.

**Selfosskirkja:**
Kvöldmessa í Selfosskirkju, sunnudaginn 22. mars , kl. 20.00. Kirkjukór Selfosskirkju og fyrrum félagar unglingakórsins syngja ásamt hljómsveit kirkjukórsins, undir stjórn Editar A Molnár.
Prestur Anna Eiríksdóttir.

Við minnum á Söngstund með Magnesu Gunnarsdóttur 26. mars. Kl. 19:30 og fjölskyldubingó sama dag kl. 17:00.
Nánari upplýsingar á
: Selfosskirkja.is.

**Hvítasunnukirkjan Selfossi**
Austurvegi 40b
Samkoma á sunnudögum kl.11:00
English translation available.
Unglingasamkomur á fimmtudögum kl. 20:00
Allir innilega velkomnir.

**Eyrarbakkakirkja**
Messa sunnudaginn 22. mars í Eyrarbakkakirkju kl. 11:00.

**Gaulverjarbæjarkirkja**
Messa sunnudaginn 22. mars í Gaulverjarbæjarkirkju kl. 14:00

**Þorlákskirkja**
Fermingarmessa kl. 13:30.
Kór Þorláks- og Hjallasóknar leiðir almennan söng.
Verum öll velkomin.
Kyrrðarbæn alla fimmtudaga kl. 17:15
Nýliðar mæti kl. 17:00

# Margmála ljóðasamvera í Listasafni Árnesinga í Hveragerði



Laugardaginn 21. mars klukkan 15:00 verður margmála ljóðasamvera í Listasafni Árnesinga, Hveragerði. Viðburðurinn er í samstarfi Bókabæina austanfjalls og listasafnsins og tilefnið er alþjóðadagur ljóðsins.

Á allsherjarþingi UNESCO í París 1999 var samþykkt að gera þennan dag að alþjóðlegum ljóðadegi með það að markmiði að styðja við málfræðilega fjölbreytni með ljóðrænni tjáningu og auka tækifæri á að tungumál í útrýmingarhættu heyrist. Dagurinn gefur einnig tilefni til að heiðra skáld, endurvekja munnlegar hefðir ljóðaflutninga, stuðla að lestri, ritun og kennslu ljóða og samruna ljóðlistar og annarra lista eins og tónlistar og myndlistar.

Á viðburðinum munu ljóðalesarar frá átta löndum flytja ljóð á eigin tungumálum, ljóð sem þau velja sjálf og er þetta tilvalið tækifæri til að upplifa fjölbreytni tungumála og menningar.

Sérstakir gestir verða Hugrún Birna Hjaltadóttir fiðluleikari og gítarleikarinn Daniel Cassedy. Hugrún Birna leggur stund á klassískan fiðluleik en áheyrendur geta allt eins átt von á að þau Daníel bregði fyrir sig annars konar tónlist.

Safnið verður opið frá klukkan 12:00 og eru gestir hvattir til að koma tímanlega, njóta fjölbreyttra sýninga í safninu, kíkja í safnabúðina og jafnvel fá sér kaffi og kruðerí í veitingasölunni.

Aðgangur er ókeypis og öll eru hjartanlega velkomnir.

# Frábær árangur HSK/Selfoss

Bikarkeppni 15 ára og yngri fór fram í Kaplakrika sunnudaginn 8. mars. Bæði stúlkna og pilta lið HSK/Selfoss urðu í 6 sæti í sínum flokki og samanlagt urðu þau í 5 sæti heildarkeppninni. Keppendur stóðu sig með stakri prýði og til fyrirmyndar inná vellinum sem utan.

Magnea Furuhjelm Magnúsdóttir var bikarmeistari í 60 m. grindarhlaupi (því miður klikkaði tímatakan í þessu frábæra hlaupi hennar en aðeins var raðað í sæti), en hún gerði sér lítið fyrir og vann langstökkið einig með stökk upp á 5,18m. Ásta Kristín Ólafsdóttir var svo í 3. sæti í kúluvarpi með kast upp á 10,10 m. Magnús Tryggvi Birgisson varð svo í 2. sæti í langstökki með stökk upp á 5,39 m og í svo varð hann í 3. sæti kúluvarpi með 11,86 m.



Útihúsgögn.is
PANTANIR HAFNAR!
NÁTTÚRULEG
HANDSMÍÐUÐ GÆÐAVARA
- Douglasgreni
- Eik
- Fyrirtæki
- Bæjarfélög
- Heimili
- Sumarbústaðir
- Hótel
- Gististaðir
- Veitingastaðir
info@utihusgogn.is
www.utihusgogn.is

Borðbekkir

Garðbekkir

Borðsett 4 – 12 manna

Hringborð

# Fundarmenn gagnrýndu blekkingar í umræðu um aðildarumsókn

Húsfyllir var á fundi sem samtökin Til vinstri við ESB efndu til í Tryggvaskála á Selfossi sunnudaginn 15. mars. Fundarefni var staða landbúnaðar gagnvart fyrirhugaðri aðildarumsókn að ESB.



Frummælendur gagnrýndu ríkisstjórnina og ESB-sinna fyrir að fela aðildarumsókn með því að kalla aðlögunarferli að sambandinu samningaviðræður. Fram kom að sjálft Evrópusambandið varar við þessum misskilningi í sínu eigin kynningarefni þar sem því er algerlega hafnað að lönd geti samið sig frá meginlögum ESB.

Erna Bjarnadóttir hagfræðingur sem var fyrsti framsögumaður fundarins benti í þessu sambandi á að grunnreglur Evrópusambandsins hefðu lagagildi og sérhver varanleg undanþága sem ætti að halda gagnvart dómstólum yrði að taka upp í svokallaðan frumrétt sambandsins sem þýðir að öll aðildarlönd verða að samþykkja þá breytingu.

Líflegar umræður spunnust um málið eftir framsöguræður þar sem Trausti Hjálmarsson formaður Bændasamtakanna og Lilja Alfreðsdóttir nýkjörinn formaður Framsóknarflokksins voru meðal þátttakenda. Framsögumenn voru auk Ernu sem fyrr er nefnd nafnarnir Þorsteinn Ólafsson dýralæknir og Þorsteinn Bergsson rithöfundur og fyrrverandi bóndi en hann er jafnframt formaður samtakanna Til vinstri við ESB. Ögmundur Jónasson fyrrverandi ráðherra var fundarstjóri.

Eftir formleg fundarslit var skotið á öðrum fundi í Skálanum þar sem stofnuð var Suðurlandsdeild samtakanna Til vinstri við ESB.

# Loksins eru heimgreiðslur til afgreiðslu, næst þarf að uppræta vandann



**Matthías Bjarnason**
*Oddviti xB í Árborg*
KOSNINGAR 2026

Eitt af helstu áherslumálum Framsóknar í Árborg fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2022 var að veita forsjáraðilum barna á biðlista eftir leikskólaplássi heimgreiðslur að loknu fæðingarorlofi. Málið var til umræðu í nefndum sveitarfélagsins snemma á kjörtímabilinu en fékk ekki brautargengi. Ég hef gagnrýnt bæjarstjórn bæði á bæjarstjórnarfundi og í greinarskrifum fyrir að mæta ekki foreldrum að loknu fæðingarorlofi, enda hafa börn í sumum tilvikum þurft að bíða í allt að 27 mánuði eftir leikskólaplássi.

Það var því ánægjulegt að sjá að tillaga að reglum um heimgreiðslur var samþykkt á fundi bæjarráðs í gær. Málið mun því fara til umsagnar í nefndum og ráðum sveitarfélagsins áður en það fer að lokum til afgreiðslu og samþykktar í bæjarstjórn. Við í Framsókn munum hið minnsta beita okkur fyrir því að þetta mikilvæga mál nái fram að ganga.

Meirihluti bæjarstjórnar á hrós skilið fyrir að hlusta á gagnrýni og leggja þetta mál fram fyrir kosningar. Það er ekki síst mikilvægt nú þegar dagforeldrum hefur fækkað á kjörtímabilinu af ýmsum ástæðum og þeim dagvistunarúrræðum því fækkað. Tillaga um greiðslu upp á 110.000 krónur á mánuði er góð byrjun.

En betur má ef duga skal og verkefninu er alls ekki lokið. Sveitarfélagið þarf enn að ráðast í að fjölga plássum í dagvistun barna. Samhliða fjölgun íbúa í sveitarfélaginu hafa biðlistar eftir leikskólaplássum verið langir og börn oft fengið pláss seint. Eitt mikilvægasta verkefni bæjarstjórnar á komandi kjörtímabili er að stytta biðlista og tryggja að innviðir fylgi uppbyggingu nýrra hverfa, en komi ekki á eftir.

Samkvæmt nýsamþykktri húsnæðisáætlun HMS er ljóst að uppbygging innviða þarf að vera gríðarleg á komandi árum.

# Framboð B- lista í Rangáþingi eystra

Framsókn og aðrir framfarasinnar í Rangárþingi eystra samþykktu einróma, á fundi sínum þann 16. mars, tillögu uppstillingarnefndar að framboðslista fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar þann 16. maí 2026.



Listinn samanstendur af fjölbreyttum hópi fólks á ólíkum aldri, bæði úr þéttbýli og dreifbýli. Frambjóðendur hafa víðtæka reynslu úr atvinnulífi og félagsstarfi og taka virkan þátt í samfélaginu. Sameiginlegt markmið þeirra er að stuðla að bættum lífsgæðum, efla þjónustu við íbúa og styrkja uppbyggingu byggðar í Rangárþingi eystra.

Á listanum er bæði fólk með mikla reynslu af sveitarstjórnarmálum og nýir frambjóðendur sem koma með fjölbreyttan bakgrunn og nýja sýn.

Rafn Bergsson bóndi og sveitarstjórnarfulltrúi er oddviti listans en Rafn hefur setið í sveitarstjórn Rangárþings eystra sl. 8 ár og býr því yfir yfirgripsmikilli þekkingu á málefnum og rekstri sveitarfélagsins.

*Fréttatilkynning frá B-listanum í Rangárþingi eystra*

**B-listinn í Rangárþingi eystra**

1. Rafn Bergsson bóndi og sveitarstjórnarfulltrúi
2. Bjarki Oddsson, rannsóknarlögreglumaður og sveitarstjórnarfulltrúi
3. Gunnhildur Jónsdóttir bóndi og sjúkraliði
4. Harpa Sif Þorsteinsdóttir leikskólakennari
5. Jón Pétur Þorvaldsson vörubílstjóri
6. Sigrún Bjarnadóttir, dýralæknir og bóndi
7. Ágúst Jensson bóndi
8. Ída Rún Sveinsdóttir hársnyrtisveinn og nemi
9. Ragnar Lárusson bóndi
10. Ólöf Sara Garðarsdóttir ferðamálafræðingur
11. Lea Birna Lárusdóttir kennari
12. Stefán Bjarki Smárason fótboltaþjálfari og leikskólastarfsmaður
13. Ásta Brynjólfsdóttir sérkennari
14. Lilja Einarsdóttir hjúkrunarforstjóri og sveitarstjórnarfulltrúi



# Á-listinn kynnir framboðslista og sveitarstjóraefni

Á-listinn í Rangárþingi ytra, hreyfing áhugafólks um sveitarstjórnarmál, býður fram til sveitarstjórnarkosninga í fimmta sinn. Listinn var stofnaður árið 2010 og er óháður stjórnmálaflokkum á landsvísu. Á-listinn fer nú með meirihluta í sveitarstjórn og óskar eftir áframhaldandi stuðningi íbúa sveitarfélagsins til að halda því starfi áfram.

Frá upphafi hefur Á-listinn lagt áherslu á að bjóða fram fólk sem er virkt í samfélaginu og hefur fjölbreytta reynslu úr atvinnulífi og félagsstarfi, bæði úr þéttbýli og dreifbýli. Frambjóðendur eiga það sameiginlegt að vilja vinna saman að uppbyggingu og bættum lífsgæðum íbúa Rangárþings ytra.

Á félagsfundi Á-listans í dag, 14. mars 2026, var tillaga uppstillingarnefndar um framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 16. maí næstkomandi samþykkt einróma. Frambjóðendur endurspegla áherslur Á-listans um fjölbreyttan bakgrunn og góða tengingu við samfélagið. Jafnvægi á milli búsetu í þéttbýli og dreifbýli er á listanum.

Í efstu fjórum sætum listans er fólk sem hefur víðtæka reynslu af stjórnsýslu sveitarfélagsins, bæði úr nefndum og sveitarstjórn. Í fimmta sæti listans er nýr frambjóðandi, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, sem hefur mikla þekkingu á starfsemi sveitarfélagsins. Eiríkur starfaði um árabil sem markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings ytra og hefur auk þess verið virkur í félagsstarfi, m.a. sem formaður Hestamannafélagsins Geysis. Ef Á-listinn heldur meirihluta eftir kosningar mun Eiríkur Vilhelm Sigurðarson verða ráðinn sveitarstjóri.

*Fréttatilkynning frá Á-listanum*

**Framboðslisti Á-listans 2026**

1. Eggert Valur Guðmundsson, sjálfstætt starfandi og oddviti.
2. Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, bóndi og sveitarstjórnarfulltrúi.
3. Erla Sigríður Sigurðardóttir, sjúkraflutningamaður með stjórnunarmenntun.
4. Viðar Már Þorsteinsson, tæknifulltrúi og sveitarstjórnarfulltrúi.
5. Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, verksmiðjustjóri og sveitarstjóraefni.
6. Guðbjörg Snorradóttir, viðurkenndur bókari og þroskaþjálfi.
7. Þórunn Dís Þórunnardóttir, útungunarstjóri og sveitarstjórnarfulltrúi.
8. Gunnar Aron Ólason, upplýsingafulltrúi.
9. Anna Sóley Kjeld, í fæðingarorlofi.
10. Berglind Kristinsdóttir, verslunareigandi.
11. Daníel Freyr Steinarsson, verktaki og slökkviliðsmaður
12. Auður Erla Logadóttir, kennari og knattspyrnuþjálfari.
13. Gabríel Snær Ólafsson, pípulagninganemi.
14. Pálína S. Kristinsdóttir, kaupsýslukona.

# DAGSKRÁIN

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

2844 Fimmtudagur 19. mars 2026


Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf
okuland.is
ÖKULAND

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

800
LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

LAGNALAND

ÁREIÐANLEGIR PÍPULAGNINGAVERKTAKAR
Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is
LAGNALAND EHF.


Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir

TRS
Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ▪ www.trs.is


BRAGÐ AF VINÁTTU!
Josera
Fæst hjá BYKO Selfossi

STÍFLULOSUN SUÐURLANDS
VIÐ ELSKUM STÍFLUR!
STÍFLULOSANIR
LAGNAMYNDUN – ÁSTANDSSKOÐANIR
SÓNUM ÚT LAGNIR
LAGNAFÓÐRUN
ROTÞRÆR
FITUGILDRUR
SANDGILDRUR
SKÓLPHREINSISTÖÐVAR
HOLRÆSAHREINSUN
ÁRATUGA REYNSLA OG SÉRÞEKKING Á FRÁVEITUMÁLUM

510 1180 – 669 8441

ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA
LÖGGILTIR HÚSASMÍÐAMEISTARAR
848 0964 GÍSLI
899 0979 ÖRN
GBHUSEHF@GMAIL.COM
GB HÚS
SÍMI: 848-0964

SAGTÆKNI EHF

GÆÐI ÞEKKING ÞJÓNUSTA
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
sími 567 4262
sagtaekni@sagtaekni.is · www.sagtaekni.is

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR
KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM
S: 692-2575
800 SMÍÐI ehf.

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Stífluþjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
YFIR 20 ÁRA REYNSLA
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 Skrifstofa
696 2311 Þjónustusími

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir
Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is